

Reiðkennari og þjálfari. Diploma í búnaðarfræðum. 5 mánuðir til 15 eininga (30 ECTS).
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í keppnishjálfun hrossa og reiðkennslu.

Háskólanám:

Diploma í fiskeldisfræðum, fiskeldisfræðingur. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).

Diploma í ferðamálafræðum dreifbýlis. 1 ár til 45 eininga (90 ECTS).

B.S. próf í fiskeldi og fiskalíffræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

B.A. próf í ferðamálafræði 3 ár til 90 eininga (180 ECTS).

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hábær 38.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 28. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Árbæjarhverfi vegna lóðarinnar að Hábæ 38.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Krosshamrar 9 – 9a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 28. september 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamrahverfi vegna lóðanna Krosshamra 9 og 9a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Gullengi 2 – 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur þann 4. október 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Engjahverfi, vegna lóðarinnar Gullengi 2 – 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 18. október 2005.

Helga Bragadóttir.